273
30. des.

REGLUGERÐ

varðandi gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja.

I. KAFLI
Lyfseðlar og útgáfa þeirra.

1. gr.

Lyfseðill (recept) er samkvæmt reglum þessum eiginhandar lyfjaávísun, gefin út af:

a. lækni, er lækningaleyfi hefur hér á landi;
b. tannlækni til tannlækninga (sbr. 41. og 43. gr.), enda hafi hann tannlækningaleyfi hér á landi;
c. dýralækni til dýralækninga (sbr. 46. gr), enda hafi hann dýralækningaleyfi hér á landi.

Lyfseðil skal stíla á nafn sjúklings (eiganda dýrs), sem nota á lyfið, og miða magn ávísaðs lyfs við þarfir sjúklingsins (dýrsins). Heimilt er þó að ávísa með lyfseðli nauðsynlegu magni tíðkanlegra heimilislyfja, án þess að um sjúkdómstilfelli sé að ræða, og skal þá stíla slíka ávísun á nafn húsbónda eða húsmóður.

2. gr.

Læknar þeir, sem eiga rétt á að ávísa lyfjum samkvæmt 1. gr., mega ávísa sjálfum sér nauðsynlegu magni lyfja til læknisstarfa sinna (sbr. þó 41., 42. og 43. gr). Á sama hátt er læknum sjúkrahúsa, heilsuverndar- og lækningastöðva og annarra slíkra stofnana heimilt að ávísa stofnunum sínum nauðsynlegu magni lyfja til starfsemi þeirra.

3. gr.

Lyf þau, sem um getur í 38. og 39. gr. og ekki má selja í lausasölu eða gegn eftirriti af lyfseðli, skulu aldrei afhent öðruvísi en gegn lyfseðli. Nær ákvæði þetta til ávísunar á lyf handa sjúklingum, sjúkrahúsum o. s. frv., svo og handa læknum til notkunar við eigin störf. Undanþágu frá ákvæðum þessum er þó að finna í 47. og 48. gr.

4. gr.

Óheimilt er að ávísa með lyfseðli eða annarri læknisávísun efnum, sem ætluð eru til iðnaðar eða annarra verklegra nota, og fer um útlát eiturefna samkvæmt auglýsingu landlæknis til lyfsala og lækna 19. nóv. 1913 um sölu á eiturefnum til annarra afnota en lækninga.

II. KAFLI
Gerð lyfseðla.

5. gr.

a. Lyfseðla skal rita á latínu. Þunga hvers lyfs skal tilgreina í grömmum, sentígrömmum eða millígrömmum og rita þyngdareiningarheitin fullum stöfum eða með venjulegum og ótvíræðum skammstöfunum þeirra. Tugabrot skal eigi leyfilegt að nota, nema um þunga efnis í millígrömmum sé að ræða. Að öðru leyti skal nota tugmálskerfið, eftir því sem við á og á samsvarandi hátt. Lyfseðlar skulu

vera greinilega ritaðir og engar þær skammstafanir viðhafðar, er valdið geta misskilningi. Þegar lyfseðill er ritaður eftir annarri lyfjaskrá en þeirri, sem löggilt er hér á landi, ber að geta þess á lyfseðlinum. Sérhver lyfseðill sé undirritaður af útgefanda og þess getið, hvort hann sé læknir, tannlæknir eða dýralæknir. Heimilisfangs útgefanda skal og getið. Loks skal lyfseðillinn vera dagsettur, og má ekki láta úti lyf eftir honum, nema svo sé. 273 30. des.

b. Þess skal enn fremur getið á lyfseðli, hvaða manni eða dýri lyfið er ætlað. Jafnframt nafni sjúklings skal geta heimilisfangs hans eða heimilisfangs eiganda dýrs, ef um dýr er að ræða. Þegar ekki er um að ræða lyf þau, sem talin eru í 39. gr. a—e, er þó heimilt að láta af hendi lyf gegn lyfseðli, þótt ekki sé getið nafns eða heimilisfangs sjúklings eða eiganda dýrs, ef um dýr er að ræða, en þá ber útgefanda lyfseðilsins, en ekki lyfsala, að svara til þeirra mistaka, sem af þessu kunna að leiða.

c. Ef um barn er að ræða, skal þess getið á lyfseðli og tilgreina aldur. Farist fyrir að tilgreina aldur barns, er eigi heimilt að afgreiða gegn lyfseðlinum lyf þau, sem háð eru sérstökum afgreiðsluhömlum samkvæmt 38. og 39. gr.

d. Þess skal getið á sérhverjum lyfseðli á íslenzku eða á máli viðtakanda, hvernig lyfið skuli nota, hve mikið skuli taka af því í einu og hve oft. Nú óskar læknir þess, að samsetningar eða nafns lyfs sé ekki getið (sbr. 21. gr. a. og 23. gr.), og skal þá því aðeins heimil afgreiðsla gegn slíkum lyfseðli, að nákvæmlega sé sagt fyrir um notkun lyfsins. Lyf gegn lyfseðli lesnum í síma er því aðeins heimilt að afgreiða, að samsetning lyfsins sé greind, svo og fyrirsögn um notkun þess.

e. Ef sérstaklega stendur á, má læknir þó leggja svo fyrir, að lyf skuli taka eftir umtali við hlutaðeigandi sjúkling eða aðstandendur hans. Nú er um þau lyf að ræða, sem háð eru sérstökum afgreiðsluhömlum samkvæmt 38. og 39. gr., og skal þess þá jafnan getið, hve mikið megi taka af lyfinu í einu og hve mikið mest á sólarhring.

6. gr.

Nú er á lyfseðli sagt fyrir um stærri skammt (einstakan skammt eða dagskammt) af einhverju lyfi en í gildandi lyfjaskrá segir fyrir um hámarksskammt lyfsins, og skulu þá þær tölur, sem við það lyf eiga á lyfseðlinum, jafnframt ritaðar í orðum. Að öðrum kosti má ekki láta lyfið af hendi. Ef um samsett lyf er að ræða og í lyfjaskránni er sagt fyrir um hámarksskammt (einstakan skammt eða dagskammt) af fleiri en einu efni lyfsins, skal þó heimilt að láta lyfið af hendi, svo framarlega sem skammtur einhvers eins efnis, sem tilgreint er á lyfseðlinum, fer ekki fram úr hámarksskammti (einstökum skammti eða dagskammti) lyfjaskrárinnar. Nú eru tvö eða fleiri efni slíks samsetts lyfs samvirk (synergisk), og skal þá reikna út, hvað hver einstakur skammtur hinna samvirku efna, hvers um sig, sem tilgreindur er á lyfseðlinum, sé mikill hluti af einstökum hámarksskammti lyfjaskrárinnar. Hlutfall dagskammtanna sé fundið á sama hátt. Þessar hlutfallstölur, annars vegar hinna einstöku skammta og hins vegar dagskammtanna, skal leggja saman hvorar um sig, og fari önnur hvor útkoman fram úr 1, má ekki láta lyfið af hendi, nema skammtur þessara efna sé á lyfseðlinum ritaður bæði með tölum og í orðum.

7. gr.

Ef þörf er á, að lyfseðill sé afgreiddur án tafar, skrifar útgefandinn orðið: **Cito** eða annað orð sömu merkingar á lyfseðilinn. Er þá skylt að afgreiða lyfseðilinn án tafar, þótt greiðsla eða trygging sé ekki fyrir hendi, enda hafi útgefandi látið þess getið á lyfseðlinum, hvern hann telji bera ábyrgð á greiðslunni, og er þá lyfsala heimilt að halda eftir lyfseðlinum.

273
30. des.

III. KAFLI
Símaávísun lyfja.

8. gr.

Vegna mistaka, er leitt geta af misheyrn eða misskilningi, þegar lyfjum er ávísað í síma, skal takmarka slíkar símaávísanir, svo sem frekast er unnt. Sé um brýna nauðsyn að ræða, skal þó heimil afgreiðsla lyfja gegn símaávísun.

9. gr.

Einungis lyfsala sjálfum eða lærðum aðstoðarmanni hans (candidatus s. examinatus pharmaciae) er heimilt að rita lyfseðil eftir ávísun lesinni fyrir í síma. Útgefandinn skal geta nafns síns, stöðu og heimilisfangs, svo og númers þess síma, er hann símar frá. Ef þess gerist þörf, skal viðtakanda heimilt að krefjast annarra þeirra upplýsinga, er nægi til að sannfæra hann um, að útgefandi segi rétt til sín.

10. gr.

Útgefandi skal hafa lyfjaávísunina yfir þannig, að viðtakanda gefist tími til að eftirrita hana þegar í stað í þar til gerða símalyfseðlabók. Að því loknu skal lesa lyfjaávísunina í símann fyrir útgefanda. Lyfseðill, sem lesinn hefur verið í síma, skal greinilega auðkenndur: **Símalyfseðill**, en auk þess skal viðtakandi dagsetja hann og árita nafni sínu.

11. gr.

Símalyfseðlabók, sem ætluð er til að eftirrita (tvírita) í símalyfseðla, sé með tölusettum blöðum. Frumritið skal nota við afgreiðslu lyfs, en eftirriti haldið eftir í símalyfseðlabók.

Í stað þess að eftirrita símalyfseðla í símalyfseðlabók, er þó heimilt að eftirrita þá á samfelldan pappírsrenning í þar til gerðu eftirritunartæki.

12. gr.

Óheimilt er að afhenda lyf, sem ávísað hefur verið í síma, nema nákvæmlega sé á það rituð fyrirsögn um notkun lyfsins (sbr. 5. gr. d.), nafn sjúklings eða heiti hins sjúka dýrs og nafn eiganda þess. Þetta nær þó ekki til lyfja, sem úti eru látin til lyfjabúða, lækna og dýralækna eða sjúkrahúsa né til lyfja, sem læknar (tannlæknar, dýralæknar) ávísa sjálfum sér til að nota við störf sín.

13. gr.

Ekki má afgreiða lyf nema einu sinni gegn hverjum símalyfseðli, enda sé ekki um lyf að ræða, er selja má í lausasölu, og skal hver slíkur seðill greinilega auðkenndur með fullnægjandi ógildingarmerki, um leið og lyf er látið úti gegn honum (sbr. 19. gr.).

IV. KAFLI
Eftirlit með gerð lyfseðla.

14. gr.

Lyfsalar og aðstoðarmenn þeirra skulu jafnan hafa vakandi auga á misritun og öðrum villum, er fyrir kunna að koma á lyfseðlum. Ef ástæða er til að efast um, að lyfseðill sé þannig, sem honum hefur verið ætlað að vera, eða á það skortir, að hann sé ritaður eða úr garði gerður samkvæmt gildandi reglum (sbr. 5. og 6. gr.), má ekki afgreiða hann, fyrr en hann hefur verið borinn undir útgefanda og leiðréttur, ef þess gerist þörf.

V. KAFLI
Eftirritun lyfseðla, er hljóða á mikilvirk lyf.

15. gr.

Lyfsalar eða þeir, sem lyf láta úti, skulu eftirrita í þar til gerða eftirritunarbók alla lyfseðla, er hljóða á lyf þau, er um getur í 39. gr. a—e. Lyfseðlana skal eftirrita jafnskjótt sem lyfið er tilbúið til afhendingar. Ákvæði þetta nær þó ekki til lyfja, sem innihalda ekki meira en 0,2% af morfíni, 0,1% af kókaíni, eða ópíumslyfja, ef hver einstakur skammtur fer ekki fram úr 5 sg, eða ekki er meira af ópíum í lyfinu í heild en 1 g. Ekki er heldur skylt að eftirrita lyfseðla, sem hljóða á kódein eða kódeínsölt, nema lyf þessi séu blönduð eða leyst ein virkra efna í vatni, vínanda, sykursafa eða öðru þess háttar, svo og þegar um samsettar lyfjablöndur er að ræða, nema hver einstakur skammtur fari fram úr 2 sg, eða meira sé látið úti í einu en nemi 50 sg af kódeíni.

16. gr.

Á sama hátt skal eftirrita hvers konar lyfjaávísanir, er hljóða á áður nefnd lyf:

a. handa læknum, tannlæknum og dýralæknum til notkunar við eigin störf;
b. handa læknum og dýralæknum, sem hafa lyfsöluleyfi;
c. handa sjúkrahúsum, heilsuverndar- og lækningastöðvum og öðrum slíkum stofnunum;
d. í lyfjaskrín skipa.

VI. KAFLI
Ógilding lyfseðla.

17. gr.

Hvers konar lyfseðlar eru ógildir, ári eftir að þeir hafa verið út gefnir, enda sé ekki um lyf að ræða, er selja má í lausasölu, eða lyfseðla, sem þegar eru ógildir, sbr. 39. gr.

18. gr.

Þótt engar hömlur séu lagðar á afgreiðslu lyfs, er lækni heimilt að tiltaka það með áritun á lyfseðil, hve oft megi láta lyfið af hendi eða með hve löngu millibili, og er lyfsala þá skylt að fara eftir því, enda sé ekki um lyf að ræða, er selja má í lausasölu.

19. gr.

Þegar ekki er heimilt að afgreiða oftar lyf gegn lyfseðli, skal merkja hann fullnægjandi ógildingarmerki, svo sem með því að letra þversum yfir sjálfa forskriftina með götunarstimpli eða á annan greinilegan hátt orðin: **Lyfseðillinn er ógildur,** og má eigi afgreiða framar lyf gegn þeim lyfseðli, enda þótt á hann sé ritað leyfi til þess.

VII. KAFLI
Verðlagning lyfs samkvæmt lyfseðli og áritun lyfseðils.

20. gr.

Áður en lyf er látið úti gegn lyfseðli, skal hann auðkenndur stimpli lyfjabúðarinnar og eiginhandaráritun þess, er verðlagt hefur lyfið. Um verð lyfja fer eftir lyfsöluskrá þeirri, sem á hverjum tíma er í gildi. Verð skal ávallt rita á lyfseðil með og án umbúða, þar sem því verður við komið.

273
30. des.

VIII. KAFLI
Áritun lyfja, sem úti eru látin gegn lyfseðli.

21. gr.

Áritun skal vera á hverju lyfi, sem úti er látið gegn lyfseðli. Hún skal vera glögg og greinileg og eftirfarandi atriða jafnan getið í árituninni:

a. Nafns lyfsins (sbr. 31. gr.) og samsetningar, svo framarlega sem það er ekki beinlínis tekið fram á lyfseðli, að þess sé ekki óskað (sbr. 23. gr.);
b. nafns sjúklings eða hvaða dýri lyfið er ætlað, ef um dýr er að ræða, enda sé þess getið á lyfseðlinum (sbr. 5. gr. b. og 12. gr.);
c. fyrirsagnar um notkun lyfsins, að svo miklu leyti sem hún er greind á lyfseðlinum (sbr. 5. gr. d, 12. gr. og 23. gr.);
d. dagsetningar;
e. nafns lyfjabúðar;
f. eiginhandaráritunar þess með bleki, er afgreiðir lyfið.

22. gr.

Ekki má rita á lyf sérnafn lyfs, nema um slíkt sérlyf (specialpræparat) sé að ræða. Sérlyf má ekki láta úti í stað annars samsvarandi lyfs, nema beinlínis sé fyrir lagt (sbr. tilskipun nr. 112 20. ágúst 1938, um gerð og afgreiðslu sérlyfja, svo og tilskipun nr. 74 12. sept. 1946, um breytingu á þeirri tilskipun). Í stað neóarsfenamíns er þó heimilt að láta úti samsvarandi sérlyf.

23. gr.

Ekki má rita á lyf annað nafn, aðra samsetningu, annan styrkleika né annan þunga en nákvæmlega svari til þess, sem úti er látið, og ekki þó að þess sé óskað af þeim, sem lyfseðilinn hefur gefið út. Nú er þess óskað á lyfseðli, að nafn eða samsetning lyfs sé ekki ritað á það, og skal það þá ekki heldur gert, en þá má ekki láta undan falla að rita á lyfið nákvæma fyrirsögn um notkunina, enda er þá skylt að skrá nákvæma notkunarfyrirsögn á lyfseðilinn.

24. gr.

Lyf í glerhylkjum (ampullae) skulu látin úti þannig, að á hvert einstakt glerhylki sé letrað nafn lyfsins eða samsetningarinnar.

25. gr.

Áritun innvortis lyfja skal vera á hvítum miðum, en útvortis lyfja á rauðum. Til innvortis lyfja teljast inntökulyf, innöndunarlyf, neflyf, þvagrásarlyf, þarfagangslyf, burðarvegslyf, svo og stungulyf, hvort heldur er í hold, æð, mænuhol eða önnur líkamshol.

Til útvortis lyfja teljast önnur lyf þ. á m. augn- og eyrnalyf.

Áritunarmiða stungulyfja skal auðkenna sérstaklega samkvæmt fyrirmælum lyfjaskrár.

26. gr.

Lyf þau, sem talin eru í 38. og 39. gr. og ætluð eru til inntöku og úti látin í sætum vökva eða sem sætar pillur, töflur o. s. frv., eða húðaðar með sykri, súkkulaði eða öðrum bragðbætandi efnum eða lituðum efnum, skal árita með rauðum bókstöfum á hvítum grunni: **Varúð! Geymist þar, sem börn ná ekki til.**

27. gr. 273

Súblímattöflur og merkúríoxýcýaníðtöflur, sem ætlaðar eru í lausnir, skulu auk 30. des.
miða þess, sem um getur í 26. gr,. auðkenndar með öðrum miða, sem á er ritað, með hvítu letri á svartan grunn, orðið: **Eitur!**

28. gr.

Eldfim efni, sem úti eru látin sem lyf, skal auk venjulegrar áritunar auðkenna með öðrum miða, sem á er ritað, með svörtu letri á rauðan grunn, orðið: **Eldfimt!**

IX. KAFLI
Lyfseðilseftirrit.

29. gr.

Við afgreiðslu lyfja eftir lyfseðilseftirriti, þar með talin lyfjaáritun, sbr. 21. gr., má í engu víkja frá um samsetningu, styrkleika eða þunga, né heldur gera aðrar breytingar á lyfseðilseftirritinu.

X. KAFLI
Lyf og lyfjaheiti.

30. gr.

Ef lyf er tilgreint á lyfseðli með öðru nafni en því, sem greint er í gildandi lyfjaskrá, skal engu að síður afhenda lyfið, ef nafnið er skýrt og ótvírætt, hvað átt er við. Þó skal árita (sbr. 21. gr.) lyfið hinu skráða nafni.

31. gr.

Ef tilgreint er á lyfseðli lyf, sem í gildandi lyfjaskrá er frábrugðið að samsetningu því, sem það var í eldri útgáfu, skal þó afhenda það eftir gildandi lyfjaskrá og engu að síður, þó að það sé tilgreint með eldra nafni, nema þess sé beinlínis getið á lyfseðlinum, að lyfið óskist eftir annarri tilgreindri lyfjaskrá eða lyfseðlasafni.

32. gr.

Nú inniheldur lyf aðeins eitt virkt efni eða galenska samsetningu, og er það efni eða sú samsetning greind í gildandi lyfjaskrá, og má þá ekki láta lyfið úti undir öðru nafni en því, er í gildandi lyfjaskrá greinir, að viðbættu tákni þess, í hverju formi lyfið er látið úti (pilulae, tablettae o. s. frv.). Við nafnið, að viðbættum styrkleika eða þyngd, má að öðru leyti aðeins skeyta vörumerki eða firmanafni.

33. gr.

Nafn á lyfi gildandi lyfjaskrár má ekki viðhafa um annað lyf, sem úti er látið, hvorki eitt út af fyrir sig í heilu lagi né skammstafað, né heldur með neins konar viðbót, nema um samnefni sé að ræða í öðrum lyfjaskrám eða lyfseðlasöfnum, og sé lyfið látið úti eftir einhverju þeirra, enda sé það þá gefið til kynna.

XI. KAFLI
Sérstakar umbúðir.

34. gr.

Ef úti eru látnar til lækninga sterkar sýrur eða lútir eða önnur fljótandi ætiefni, skal afhenda þau í sexstrendum glösum eða flöskum, og séu þrír fletirnir með þéttum upphleyptum rákum eftir endilöngu eða í sívölum flöskum með upphleyptum rákum eftir endilöngu.

273 30. des. Leyfilegt er þó að afgreiða lyf þau, er að ofan getur, í sívölum flöskum með glertappa.

35. gr.

Svefnlyf þau, sem um ræðir í 39. gr. j. og úti eru látin í skömmtum, skal ávallt afgreiða í öskjum eða öðrum álíka umbúðum.

XII. KAFLI
Lausasölulyf.

36. gr.

Um afgreiðslu lyfja í lausasölu skal gætt eftirfarandi atriða:

a. Hvert lyf og lyfjaefni skal árita sem alþýðlegustu verzlunarheiti.
b. Ef um samsett lyf er að ræða, sem ekki er skráð einu nafni eða almennt þekkt undir einu nafni, skal árita samsetninguna.
c. Ekki má árita skammt lausasölulyfja nema með sérstöku samþykki heilbrigðisstjórnarinnar, eða samkvæmt almennum reglum, sem um það kunna að verða settar.
d. Ekki má selja lyf í sjálfsölum nema samkvæmt fyrirmælum eða með sérstöku samþykki heilbrigðisstjórnarinnar.
e. Um sérstakar undanþágur varðandi lausasölu nokkurra lyfja, sbr. 40. gr.

XIII. KAFLI
Lyf, sem aðeins má afgreiða gegn lyfseðli.

37. gr.

Lyf þau, sem talin eru í 38. og 39. gr. hér næst á eftir, má aðeins afgreiða gegn lyfseðli, og fer um útlát þeirra eftir því, sem þar er gerð nánari grein fyrir, sbr. einnig Skrá um afgreiðslutilhögun nokkurra helztu lyfja, sem fylgir reglum þessum í viðbæti.

XIV. KAFLI
Lyf, sem afgreiða má aftur og aftur gegn sama lyfseðli: Rcp.

38. gr.

Þau efni, jurta- og dýralyf, er nú skal greina, og hvers konar samsetningar þeirra má láta úti aftur og aftur eftir sama lyfseðli (sbr. 17. gr.), en aldrei í lausasölu eða eftir eftirriti af lyfseðli.

a. Acetphenolisatinum
Acidum nicotinicum
Adrenoni hydrochloridum
Aether ad narcosin
Aetheroleum chenopodii anthelminthici
Aethyli chloridum
Agaricinum
Amylii nitris
Apomorphini hydrochloridum
Argenti nitras
Benzocainum
Calomel
Cantharis

273
30. des.

Chinini hydrochloridum
Chiniofonum
Chinini sulfas
Chloroformium
Chloroformium ad narcosin
Chromi trioxydum
Cincainum
Emetini hydrochloridum
Ephedrini hydrocloridum
Ephedrinum
Euphorbium
Extractum filicis
Folium belladonnae
Folium hyoscyami
Folium stramonii
Fructus colocynthidis
Herba hyoscyami mutici
Herba lobeliae
Hexachloraethanum
Hexylresorcinum
Hydrastinini chloridum
Jodum
Kalii stibyli tartras
Lobelini hydrochloridum
Narcotini hydrochloridum
Nicethamidum
Oxedrini tartras
Papaverini hydrochloridum
Pentazolum
Pilocarpini hydrochloridum
Podophyllinum
Procaini hydrochloridum
Radix ipecacuanhae
Resina jalapae
Resorcinum
Rhizoma filicis
Rhizoma veratri
Santoninum
Semen colchici
Semen hyoscyami
Semen strophanthi
Semen strychni
Tetracainum
Tetrachloraethylenum í límhylkjum til inntöku
Tetrachlormethanum í límhylkjum til inntöku
Theophyllinum
Yohimbini hydrochloridum

b. Efni, jurta- og dýralyf og aðrar samsetningar efna, sem teljast mega álíka mikilvirk og þau, er talin voru í lið a.

c. Stungulyf, þar með talin þau, er ætluð eru til sjúkdómsgreiningar, hvort heldur er undir húð, í hold, æðar eða önnur líkamshol, svo og efni úti látin í glerhylkj-

273 30. des.

um og öðrum slíkum umbúðum og töflur ætlaðar til tilbúnings slíkra lyfja, enda séu lyf þessi ekki háð afgreiðsluhömlum, sbr. 39. gr.

d. Smáskammtalyf (hómópatalyf) og önnur lyf, ef þau eða styrkleiki þeirra er auðkenndur með bókstöfum, tölum eða á annan hátt samkvæmt dulmálskerfi, svo og blöndur og þynningar, sem bera keim slíkra lyfja, þótt þær séu ekki auðkenndar samkvæmt dulmálskerfi.

XV. KAFLI

Lyf, sem heimilt er að afgreiða aðeins einu sinni gegn sama lyfseðli: Rcp. 1x.

39. gr.

Þau efni, jurta- og dýralyf, er nú skal greina, og hvers konar samsetningar þeirra, má ekki láta úti oftar en einu sinni gegn sama lyfseðli og það þótt ritað sé á lyfseðilinn, að oftar megi afgreiða.

a. Morfín og morfínsölt, svo og eftirfarandi skyld efni og samsetningar:
Díacetýlmorfín og sölt þess (Heroin).
Díhýdrómorfínón og sölt þess (Dilaudid).
Oxýkón og sölt þess (Eukodal).
Samsett ópíumslyf, svo sem tetrapón, pantópón o. s. frv.
Kódeín og sölt þess.

b. Ópíum og lyfjasamsetningar, sem innihalda ópíum.

c. Kókaín og lyfjasamsetningar, sem innihalda kókaín.

d. Petidín og sölt þess (Demerol), svo og 6-dímetýlamínó-4,4-difenýlheptanón-3 og sölt þess (Methadon, Butalgin).

e. Amfetamín (Benzedrin, Mecodrin) og önnur skyld og álíka hættuleg efni (t. d. Pervitin, Eufodrin o. s. frv.) og sölt þeirra, og er óheimilt að láta úti í einu meira en 150 mg handa einstaklingi. Lyf, sem innihalda allt að 30 sg af amfetamíni og ætluð eru til að sjúga í nefið, má þó afgreiða aftur og aftur gegn sama lyfseðli (sbr. 17. gr.).

f. Amíðópýrín.

g. Geislavirk (radioaktiv) efni ásamt blöndum og lausnum, er innihalda slík efni, þar með talið gerviölkelduvatn og gervisölt til framleiðslu hvers konar drykkja, ef þau innihalda geislavirk efni.

h. Pillur, töflur og önnur þess háttar lyf, sem hafa inni að halda efni þau, sem talin eru í 38. gr. og húðuð eru með sykri, súkkulaði eða öðrum bragðbætandi efnum eða lituðum efnum. Lyf, sem húðuð eru á þennan hátt, má aldrei láta úti nema þess sé beinlínis óskað af lækni.

i. Acetýldíhýdrókódeínón (Acedicon), etýlmorfín (Dionin), hýdrókón (Dicodid) og sölt þessara efna.

j. Acetkarbrómal, amýlenhýdrat, barbítúrsýrulyf, brómísóval, karbrómal, klóralhýdrat, klórbútól, súlfónal, tríbrómetanól og önnur efni, er notuð eru sem svefnlyf, svo og fenantóín.

k. 2,4-Dínítrófenól og 2,4-dínítrókresól og skyld megrunarlyf.

l. Tallíum og tallíumsambönd.

m. Lyf og lyfjasamsetningar, sem innihalda efni, er gildandi lyfjaskrá leggur fyrir um, að geymd skuli í eiturskáp, í hvaða blöndum eða samsetningum sem er, svo og Hydrargyri amidochloridum pultiforme og Hydrargyri oxydum pultiforme (sbr. þó staflið e).

n. Súlfónamíðlyf.

o. Acetanilíð, acetarsól, brómóform, býflugnaeitur, cinkófen, digítalisblöð, fenól, fosfór, fenýlmerkúríacetat, mersalýl, neóarsfenamín, neócinkófen og Secale cornutum.

p. Hvers konar kynkirtlalyf, svo og önnur lyf með samsvarandi verkun (t. d. testósterón, prógesterón, stilboestról o. s. frv.). 273 30. des.
q. Lyf, er innihalda D-vítamín (sbr. þó 40. gr. f.).
r. Dínitrósorbíð (Harrical), nítróerýtról, nítrómannít, pentaerýtríttetranítrat (Pentytrit), svo og önnur lyf með samsvarandi verkun.
s. Hvers konar nýrnahettulyf, svo og önnur lyf með samsvarandi verkun (t. d. desoxýkortíkósterón o. s. frv.).
t. Hvers konar skjaldkirtilslyf, svo og önnur lyf með samsvarandi eða gagnstæða verkun (t. d. þurrkaður skjaldkirtill, týroxín, própýlþíóúrasíl o. s. frv.).
u. Hvers konar heiladingulslyf (t. d. Pituitrin, Pitocin, Pitressin o. s. frv.).
v. Hvers konar insúlínlyf (t. d. prótamínzinkinsúlín o. s. frv.).
x. Lifrarlyf og lyf, sem unnin eru úr magaslímhúð (t. d. lifrarþykkni, ventríkúlín o. s. frv.), svo og blöndur gerðar úr lyfjum þessum.
y. Hvers konar kalkkirtlalyf, svo og önnur lyf með samsvarandi verkun (t. d. parathýróíðlausnir, Paroidin o. s. frv.).
z. Sermilyf (sera therapeutica) og hvers konar bóluefni og sýklaefni, ætluð til lækninga.
þ. Fúkalyf (antibiotica, t. d. pensilín, streptómýsín o. s. frv.).
æ. Efni og aðrar samsetningar efna, sem teljast mega álíka mikilvirk og þau, er nú voru talin.

XVI. KAFLI

Sérstakar undanþágur varðandi lausasölu nokkurra lyfja.

40. gr.

Undanþegin ákvæðum 38. og 39. gr. eru lyf þau, er nú skal greina og heimilt er að selja í lausasölu:

a. Klórbútól, eitt sér eða blandað öðrum efnum í afmældum skömmtum, þar með taldar pillur, stautar, töflur eða skammtar, ef hver einstakur skammtur inniheldur ekki meira en 30 sg af klórbútóli.
b. Smyrsli, svo og vökvar ætlaðir til úðunar, sem innihalda klórbútól.
c. Dínatríum-2,7-díbróm-4-hýdroxýmerkúríflúoresceín (Mercurochrome soluble, Mercuranum) til útvortis notkunar í lausnum, er ekki fara fram úr 5% að styrkleika.
d. Fenól til útvortis notkunar í lausnum eða blöndum, er ekki fara fram úr 2% að styrkleika.
e. Fosfórlýsi handa skepnum, sem ekki er sterkara en 1:10000, og skal það merkt: **Fosfórlýsi 1:10000 handa skepnum.**
f. D-vítamínlyf, sem ekki innihalda meira en 3000 alþjóðlegar D-vítamíneiningar í grammi.
g. Þau efni, jurtalyf og samsetningar þeirra, sem um getur í 38. gr. a. og b., séu þau ætluð til útvortis notkunar sem áburður, plástur eða smyrsli (sbr. þó staflið i.).
h. Folium stramonii og Herba lobeliae, þegar brenna á eða reykja og nota reykinn við kafmæði (asthma), þar með talið Pulvis fumalis stramonii og samsvarandi lyf.
i. Smyrsli til að bera í endaþarminn, sem innihalda benzókaín, kalómel eða tetrakaín, ef styrkleiki fer ekki fram úr 2%, eða cinkaín, ef styrkleiki fer ekki fram úr 1%.
j. Joðlausnir til útvortis notkunar, ef joðinnihald þeirra fer ekki fram úr 5% að styrkleika.

273 30. des.

k. Kínín og kínínsölt í lausnum, ef magn kínínsambandsins, sem notað er, fer ekki fram úr 0,5%.

l. Súlfónamíð- eða pensilínsmyrsli, sem ætluð eru til dýralækninga, enda séu þau auðkennd: **Handa skepnum.**

m. Súlfanílamíðlausnir, sem ætlaðar eru til dýralækninga og ekki fara fram úr 0.5% að styrkleika, enda séu þær auðkenndar: **Handa skepnum.**

n. Fenýlmerkúríacetatlausn, ef hún er notuð til að varðveita í Stylus laminariae í þeim styrkleika og eins og mælt er fyrir um í lyfjaskrá.

XVII. KAFLI
Tannlæknalyf.

41. gr.

Tannlæknum er heimilt að ávísa sjúklingum sínum lyfjum, sem eingöngu eru ætluð til útvortis notkunar. Á sama hátt er þeim heimilt að ávísa sjálfum sér nauðsynlegu magni útvortis lyfja til að nota við störf sín.

42. gr.

Tannlæknum er heimilt að ávísa sjálfum sér til að nota við störf sín staðdeyfilyfjum til að deyfa með tennur, tannhold eða kjálka.

43. gr.

Tannlæknum er enn fremur heimilt að ávísa sjálfum sér til að nota við störf sín, svo og sjúklingum sínum, inntökulyfjum, svo sem greinir hér á eftir:

a. Lyf, sem ávísa má ótakmarkað, enda miðist magn lyfsins við þarfir sjúklingsins (sbr. 1. gr.):
Amylii nitris í glerhylkjum, sem innihalda 5 sg af amýlnítríti
Guttae nicethamidi
Guttae pentazoli
Injectabile nicethamidi
Injectabile pentazoli
Pilulae atropini majores
Pilulae atropini minores
Tablettae s. Trochisci penicillini, óháð styrkleika
Trochisci benzocaini á 10 sg.

b. Lyf, sem ekki má ávísa í meira magni en hér segir:
Tablettae allypropymali 12 stk.
Tablettae bromisovali 20 stk.
Tablettae carbromali 20 stk.
Tablettae codeipheni 25 stk.

Téðar afgreiðsluhömlur ná þó ekki til lyfja þessara, ef tannlæknir ávísar sjálfum sér þeim til að nota við störf sín.

44. gr.

Tannlækni er óheimilt að skipa svo fyrir á lyfseðli, að gefinn sé stærri skammtur (einstakur skammtur eða dagskammtur) af lyfjum þeim, sem greind eru í 43. gr., en nemi hámarksskammti samkvæmt gildandi lyfjaskrá.

45. gr.

Lyf þau, sem greind eru í 43. gr., má aðeins láta úti einu sinni gegn sama lyfseðli útgefnum af tannlækni, og skal merkja slíkan lyfseðil fullnægjandi ógildingarmerki (sbr. 19. gr.) jafnskjótt sem lyfið er tilbúið til afhendingar.

XVIII. KAFLI
Dýralæknalyf.

46. gr.

Dýralæknum er heimilt að ávísa með lyfseðli lyfjum, sem einungis eru ætluð til dýralækninga, enda skulu þeir rita lyfseðla sína í sem fyllsta samræmi við dýralæknalyfjaskrá þá og reglur settar af yfirdýralækni um algengustu dýralyf, sem í gildi er á hverjum tíma.

XIX. KAFLI
Skipslyf.

47. gr.

Undanþegin ákvæðum þeim, er getur í 38. og 39. gr., eru lyf þau, sem aðeins er heimilt að láta úti gegn lyfseðli, ef þau eru ætluð til notkunar í lyfjaskrín skipa, sbr. tilskipun nr. 81 26. apríl 1935, um lyf og læknisáhöld í íslenzkum skipum, með áorðnum breytingum samkvæmt tilskipun nr. 85 7. sept. 1942, og auglýsingar landlæknis 20. maí 1935 og 2. des. 1942. Er lyfsala þá heimilt að láta af hendi umgetin lyf gegn skriflegri beiðni skipstjóra. Beiðnina skal lyfsali geyma í fimm ár. Um afgreiðslu lyfja þeirra, er um getur í 39. gr. a—e, gegn slíkri beiðni, vísast til V. kafla.

XX. KAFLI
Ljósmæðralyf.

48. gr.

Ljósmæður eiga rétt á að fá afhent úr lyfjabúð gegn eigìnni ávísun (sbr. auglýsingu landlæknis 12. febrúar 1934: Áhalda- og lyfjaskrá ljósmæðra), lýsól og önnur venjuleg sótthreinsunarlyf eftir vild, en Hoffmannsdropa, kamfórudropa, sekaledropa, vítissteinsvatn 2% af styrkleika og þynnta saltpéturssýru í fyrirskipuðum skömmtum. Stærri skammta, svo og ópíumsdropa, má aðeins afhenda þeim gegn læknisávísun.

XXI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

49. gr.

Ef tilgreint er á lyfseðli lyf og lyfsali hefur hvorki það né því hliðstætt lyf í lyfjabúð sinni, skal hann þegar í stað gera gangskör að því að útvega lyfið, svo fljótt sem unnt er, ef því verður við komið með viðráðanlegum kostnaði.

50. gr.

Um hvers konar áfengisútlát lyfjabúða og lækna og um áfengislyfseðla fer eftir sérstökum reglum, sem settar eru eða settar kunna að verða samkvæmt áfengislögum (sbr. reglugerð nr. 38 16. apríl 1935, um sölu áfengis til lækninga).

51. gr.

Nú rekur læknir lyfjaverzlun, af því að engin lyfjabúð er í nánd, og er komið til hans með lyfseðil frá öðrum lækni; skal hann þá haga sér að öllu leyti eftir þeim fyrirmælum, sem hér eru sett lyfsölum. Nú leitar maður eigi læknisráða, en biður um lyf, er eigi má selja án lyfseðils, og er þá læknir sjálfráður um það, hvort hann vill selja honum lyfið. Ef læknir telur víst, að lyfið verði rétt notað og þörf sé fyrir það, skal hann að jafnaði láta það af hendi, en telji læknir hættu á því, að lyfið verði

273 misnotað, þá skal hann að sjálfsögðu neita að láta það af hendi. Læknir, sem sjálfur
30. des. lætur úti lyf til sjúklinga sinna, skal um áritun lyfjanna og annað haga sér nákvæmlega eftir þessum reglum.

52. gr.

Brot gegn ákvæðum þeim, sem sett eru með reglum þessum, varða áminningu, nema þyngri refsingu varði samkvæmt almennum lögum. Ef brot varðar afgreiðslu lyfs samkvæmt lögum um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl., liggja við sektir allt að 10000 krónum, varðhald eða fangelsi allt að 2 árum.

53. gr.

Héraðslæknar skulu, hver í sínu héraði, vekja athygli tannlækna, dýralækna og ljósmæðra innan héraðsins á þeim ákvæðum í þessum reglum, er þau varðar.

VIÐBÆTIR

Skrá um afgreiðslutilhögun nokkurra helztu lyfja (sbr. 37.—39. gr.).

Abasin	39. gr. Rcp. 1x
Acetanilidum	39. gr. Rcp. 1x
Acetarsolum	39. gr. Rcp. 1x
Acetbromisovalum	39. gr. Rcp. 1x
Acetcarbromalum	39. gr. Rcp. 1x
Acetphenolisatinum	38. gr. Rcp.
Acetyl-beta-methylcholinchloridum	38. gr. Rcp.
Acetylcholinchloridum	38. gr. Rcp.
Acetyldihydrocodeinonum og sölt þess	39. gr. Rcp. 1x
Acidum nicotinicum	38. gr. Rcp.
Acidum jodoxychinolinsulfonicum	38. gr. Rcp.
Aconitinum	39. gr. Rcp. 1x
Adrenalinum og sölt þess	39. gr. Rcp. 1x
Adrenonum og sölt þess	38. gr. Rcp.
Aether ad narcosin	38. gr. Rcp.
Aetheroleum chenopodii anthelminthici	38. gr. Rcp.
Aetheroleum sinapis	38. gr. Rcp.
Aethyli chloridum	38. gr. Rcp.
Aethylmorphinum og sölt þess	39. gr. Rcp. 1x
Agaricinum	38. gr. Rcp.
Agomensin	39. gr. Rcp. 1x
Algospasmin	39. gr. Rcp. 1x
Allýlarsínsýra og sölt hennar	39. gr. Rcp. 1x
Alypinum	38. gr. Rcp.
Amidopyrinum	39. gr. Rcp. 1x
Amphetaminum og sölt þess (Varðandi amfetamínlyf ætluð til að sjúga í nefið sjá 39. gr. e.)	39. gr. Rcp. 1x
Amyleni hydras	39. gr. Rcp. 1x
Amylii nitris	38. gr. Rcp.
Antibiotica	39. gr. Rcp. 1x
Antíhistamínlyf	38. gr. Rcp.
Apiol	38. gr. Rcp.
Apisin	39. gr. Rcp. 1x
Apomorphinum og sölt þess	38. gr. Rcp.

Aqua amygdalae amarae concentrata ..... 38. gr. Rcp.
Arecholinum og sölt þess ..... 39. gr. Rcp. 1x
Argenti nitras ..... 38. gr. Rcp.
Arsensambönd ..... 39. gr. Rcp. 1x
Ascaridol ..... 38. gr. Rcp.
Atabrin ..... 38. gr. Rcp.
Atonyl ..... 38. gr. Rcp.
Atropinum og sölt þess ..... 39. gr. Rcp. 1x
Avertin ..... 39. gr. Rcp. 1x
Barbítúrsýrulyf ..... 39. gr. Rcp. 1x
Belladenal ..... 39. gr. Rcp. 1x
Bellafolin ..... 38. gr. Rcp.
Bellergal ..... 39. gr. Rcp. 1x
Benzocainum ..... 38. gr. Rcp.
(Varðandi benzókaínsmyrsli til að bera í endaþarminn sjá 40. gr. i.)
Bóluefni ..... 39. gr. Rcp. 1x
Brometholum ..... 39. gr. Rcp. 1x
Bromisovalum ..... 39. gr. Rcp. 1x
Bromoformium ..... 39. gr. Rcp. 1x
Býflugnaeitur ..... 39. gr. Rcp. 1x
Calciferolum ..... 39. gr. Rcp. 1x
(Varðandi lausasölu lyfja, sem innihalda kalsíferól sjá 40. gr. f.)
Calomel ..... 38. gr. Rcp.
(Varðandi kalómelsmyrsli til að bera í endaþarminn sjá 40. gr. i.)
Cannabis indica praeparata ..... 38. gr. Rcp.
Cannabisolum ..... 38. gr .Rcp.
Cantharis ..... 38. gr. Rcp.
Capsulae tetrachloraethyleni ..... 38. gr. Rcp.
Carbacholinum og sölt þess ..... 38. gr. Rcp.
Carbromalum ..... 39. gr. Rcp. 1x
Chinidinum og sölt þess ..... 38. gr. Rcp.
Chininum og sölt þess ..... 38. gr. Rcp.
(Varðandi lausnir kínínsalta sjá 40. gr. k.)
Chiniofonum ..... 38. gr. Rcp.
Chlorali hydras ..... 39. gr. Rcp. 1x
Chlorbutolum ..... 39. gr. Rcp. 1x
(Varðandi klórbútól í lausasölu sjá 40. gr. a. og b.)
Chloroformium ..... 38. gr. Rcp.
Chromi trioxydum ..... 38. gr. Rcp.
Cincainum og sölt þess ..... 39. gr. Rcp. 1x
(Varðandi cinkaínsmyrsli til að bera í endaþarminn sjá 40. gr. i.)
Cinchophenum og estur þess ..... 39. gr. Rcp. 1x
Cocainum og sölt þess ..... 39. gr. Rcp. 1x
Codeinum og sölt þess ..... 39. gr. Rcp. 1x
Colchichinum ..... 39. gr. Rcp. 1x
Conmel ..... 38. gr. Rcp.
Convallaríalyf ..... 39. gr. Rcp. 1x

273
30. des.

Demerol ..... 39. gr. Rcp. 1x
Diacetylmorphinum og sölt þess ..... 39. gr. Rcp. 1x
Dicodid ..... 39. gr. Rcp. 1x
Dicumarolum ..... 38. gr. Rcp.
Digítalisglýkósíðar ..... 39. gr. Rcp. 1x
Digítalislyf ..... 39. gr. Rcp. 1x
Dihydromorphinonum og sölt þess ..... 39. gr. Rcp. 1x
Dihydrooxycodeinonum og sölt þess ..... 39. gr. Rcp. 1x
Dihydrotachysterol ..... 39. gr. Rcp. 1x
Dijodtyrosinum ..... 39. gr. Rcp. 1x
Dilantin ..... 39. gr. Rcp. 1x
Dilaudid ..... 39. gr. Rcp. 1x
Dinitrocresolum-2,4 ..... 39. gr. Rcp. 1x
Dinitrophenolum-2,4 ..... 39. gr. Rcp. 1x
Dolantin ..... 39. gr. Rcp. 1x
D-vítamínlyf ..... 39. gr. Rcp. 1x
(Varðandi lausasölu D-vítamínlyfja sjá 40. gr. f.)
Emetinum og sölt þess ..... 38. gr. Rcp.
Ephedrinum og sölt þess ..... 38. gr. Rcp.
Ephetoninum ..... 38. gr. Rcp.
Ergometrinum og sölt þess ..... 39. gr. Rcp. 1x
Ergotaminum og sölt þess ..... 39. gr. Rcp. 1x
Ergotoxinum og sölt þess ..... 39. gr. Rcp. 1x
Erythroltetranitras ..... 39. gr. Rcp. 1x
Eucainum ..... 39. gr. Rcp. 1x
Eufodrinum ..... 39. gr. Rcp. 1x
Eukodal ..... 39. gr. Rcp. 1x
Eupaverinum ..... 38. gr. Rcp.
Euphorbium ..... 38. gr. Rcp.
Euphyllinum ..... 38. gr. Rcp.
Extractum filicis ..... 38. gr. Rcp.
Folium belladonnae ..... 38. gr. Rcp.
Folium cocae ..... 39. gr. Rcp. 1x
Folium digitalis ..... 39. gr. Rcp. 1x
Folium hyoscyami ..... 38. gr. Rcp.
Folium jaborandi ..... 38. gr. Rcp.
Folium stramonii ..... 38. gr. Rcp.
Fructus colocynthidis ..... 38. gr. Rcp.
Geislavirk efni og lyf ..... 39. gr. Rcp. 1x
Gentianaviolaceum ..... 38. gr. Rcp.
Gortulin ..... 39. gr. Rcp. 1x
Gullsambönd ..... 38. gr. Rcp.
Heiladingulslyf ..... 39. gr. Rcp. 1x
Heparin ..... 38. gr. Rcp.
Herba aconiti ..... 38. gr. Rcp.
Herba adonidis vernalis ..... 39. gr. Rcp. 1x
Herba hyoscyami mutici ..... 38. gr. Rcp.
Herba lobeliae ..... 38. gr. Rcp.
(Varðandi lausasölu Herba lobeliae sjá 40. gr. h.)

Hexachlorethanum ..... 38. gr. Rcp.
Hexylresorcinum ..... 38. gr. Rcp.
Histaminum og sölt þess ..... 39. gr. Rcp. 1x
Histidinum og sölt þess ..... 39. gr. Rcp. 1x
Homatropinum og sölt þess ..... 39. gr. Rcp. 1x
Hydrargyrum, sjá Merkurí-.
Hydrastininum og sölt þess ..... 38. gr. Rcp.
Hydroconum og sölt þess ..... 39. gr. Rcp. 1x
Hyoscyaminum og sölt þess ..... 39. gr. Rcp. 1x
Insulin ..... 39. gr. Rcp. 1x
Jodoformium ..... 38. gr. Rcp.
Jodum ..... 38. gr. Rcp.
(Um lausasölu joðlyfja sjá 40. gr. j.)
Kakódýlsýra og sölt hennar ..... 39. gr. Rcp. 1x
Kalii stibyli tartras ..... 38. gr. Rcp.
Kalkkirtlalyf ..... 39. gr. Rcp. 1x
Kynkirtlalyf ..... 39. gr. Rcp. 1x
Lifrarlyf ..... 39. gr. Rcp. 1x
Lobelinum og sölt þess ..... 38. gr. Rcp.
Magaslímhúðarlyf ..... 39. gr. Rcp. 1x
Mercurochrom ..... 39. gr. Rcp. 1x
(Varðandi lausasölu merkúrókrómlausna sjá 40. gr. c.)
Merkúrísambönd að undanskildu merkúrísúlfíði 39. gr. Rcp. 1x
Mersalylum ..... 39. gr. Rcp. 1x
Methylatropinum og sölt þess ..... 39. gr. Rcp. 1x
Methylthiouracilum ..... 39. gr. Rcp. 1x
Metoryl ..... 38. gr. Rcp.
Morphinum og sölt þess ..... 39. gr. Rcp. 1x
Narcotinum og sölt þess ..... 38. gr. Rcp.
Natrii arsenas ..... 39. gr. Rcp. 1x
Natrii auri chloridum ..... 39. gr. Rcp. 1x
Natrii fluoridum ..... 38. gr. Rcp.
Natrii monomethylarsinas ..... 39. gr. Rcp. 1x
Natrii thiocyanas ..... 38. gr. Rcp.
Neoarsphenaminum ..... 39. gr. Rcp. 1x
Neocinchophenum ..... 39. gr. Rcp. 1x
Nicethamidum ..... 38. gr. Rcp.
Nicotinum ..... 39. gr. Rcp. 1x
Nitroerythrolum ..... 39. gr. Rcp. 1x
Nitroglycerinum ..... 39. gr. Rcp. 1x
Nitromannitum ..... 39. gr. Rcp. 1x
Novonal ..... 39. gr. Rcp. 1x
Nýrnahettulyf ..... 39. gr. Rcp. 1x
Octinum ..... 38. gr. Rcp.
Oleum crotonis ..... 38. gr. Rcp.
Ópíumslyf ..... 39. gr. Rcp. 1x
Optochinum ..... 38. gr. Rcp.
Oxedrinum og sölt þess ..... 38. gr. Rcp.
Oxyconum og sölt þess ..... 39. gr. Rcp. 1x
Pacyl ..... 38. gr. Rcp.

273
30. des.

Papaverinum og sölt þess ..... 38. gr. Rcp.
Paracodinum og sölt þess ..... 39. gr. Rcp. 1x
Paraldehydum ..... 39. gr. Rcp. 1x
Pelletierinum ..... 38. gr. Rcp.
Penicillinum og sölt þess ..... 39. gr. Rcp. 1x
Pentazolum ..... 38. gr. Rcp.
Pervitin ..... 39. gr. Rcp. 1x
Pethidinum og sölt þess ..... 39. gr. Rcp. 1x
Phenantoinum og skyld efni ..... 39. gr. Rcp. 1x
Phenolum ..... 39. gr. Rcp. 1x
(Varðandi lausasölu fenóllausna sjá 40. gr. d.)
Phenthiazinum ..... 38. gr. Rcp.
Phosphorus ..... 39. gr. Rcp. 1x
(Varðandi fosfórlýsi handa skepnum hjá 40. gr. e.)
Physostigminum og sölt þess ..... 39. gr. Rcp. 1x
Picrotoxinum ..... 39. gr. Rcp. 1x
Pilocarpinum og sölt þess ..... 38. gr. Rcp.
Plasmochin ..... 38. gr. Rcp.
Podophyllinum ..... 38. gr. Rcp.
Privin ..... 38. gr. Rcp.
Procainum og sölt þess ..... 38. gr. Rcp.
Propylthiouracilum ..... 39. gr. Rcp. 1x
Prostigminum og sölt þess ..... 38. gr. Rcp.

Radix ipecacuanhae ..... 38. gr. Rcp.
Ramulus sabinae ..... 38. gr. Rcp.
Resine jalapae ..... 38. gr. Rcp.
Resorcinum ..... 38. gr. Rcp.
Rhizoma veratri ..... 38. gr. Rcp.
Rimidol ..... 38. gr. Rcp.
Rutin ..... 38. gr. Rcp.

Salvarsanlyf ..... 39. gr. Rcp. 1x
Salyrgan ..... 39. gr. Rcp. 1x
Santoninum ..... 38. gr. Rcp.
Scillaren ..... 39. gr. Rcp. 1x
Scopolaminum og sölt þess ..... 39. gr. Rcp. 1x
Secale cornutum og lyf búin til úr því ..... 39. gr. Rcp. 1x
Semen colchici ..... 38. gr. Rcp.
Semen hyoscyami ..... 38. gr. Rcp.
Semen strychni ..... 38. gr. Rcp.
Semen strophanti ..... 38. gr. Rcp.
Sera therapeutica ..... 39. gr. Rcp. 1x
Skjaldkirtilslyf ..... 39. gr. Rcp. 1x
Stilboestrolum og estur þess og önnur skyld efni 39. gr. Rcp. 1x
Strophantinum-g og aðrir strophantusglýkósíðar ..... 39. gr. Rcp. 1x
Strychninum og sölt þess ..... 39. gr. Rcp. 1x
Stungulyf (enda séu þau ekki háð strangari takmörkunum samkvæmt 39. gr.) ..... 38. gr. Rcp.
Sulfonalum ..... 39. gr. Rcp. 1x
Súlfónamíðlyf ..... 39. gr. Rcp. 1x

Sýklaefni	39. gr. Rcp. 1x
Syntropan	38. gr. Rcp.
Tallium og sambönd þess	39. gr. Rcp. 1x
Tetracainum og sölt þess	39. gr. Rcp. 1x
(Varðandi tetrakaínsmyrsli til að bera í endaþarminn sjá 40. gr. i.)	
Tetrachloraethylenum (í límhylkjum)	38. gr. Rcp.
Tetrachlormetanum (í límhylkjum)	38. gr. Rcp.
Tetraponum	39. gr. Rcp. 1x
Theophylaminum	38. gr. Rcp.
Theophyllinum	38. gr. Rcp.
Thíobarbítúrsýrulyf	39. gr. Rcp. 1x
Thyroxinum	39. gr. Rcp. 1x
Tinctura strophanthi	38. gr. Rcp.
Torantil	38. gr. Rcp.
Trasentin	38. gr. Rcp.
Tribromaethanolum	39. gr. Rcp. 1x
Trichloraethylenum til innöndunar	38. gr. Rcp.
Tridion	39. gr. Rcp. 1x
Tropacocainum og sölt þess	38. gr. Rcp.
Tuamin og sölt þess	39. gr. Rcp. 1x
Tyrothricin	39. gr. Rcp. 1x
Vagospasmyl	38. gr. Rcp.
Vasimidum	38. gr. Rcp.
Veratrinum	39. gr. Rcp. 1x
Veritol	38. gr. Rcp.
Yatren	38. gr. Rcp.
Yohimbinum og sölt þess	38. gr. Rcp.

Framangreindar reglur eru settar samkvæmt forsetaúrskurði frá 13. júlí þ. á., sbr. auglýsingu nr. 72 14. júlí þ. á., um löggildingu nýrrar lyfjaskrár, svo og lögum nr. 14 20. júní 1923, um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl., að því er varðar ópíum, morfín, kókaín og heróín og hvers konar sölt og úrefni þessara efna, svo og efna, sem hafa samsvarandi eða svipaða verkun. Reglurnar ganga í gildi 1. janúar 1951, og fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing landlæknis um sama efni frá 2. janúar 1949.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 30. desember 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Gústav A. Jónasson.